



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 20. nóvember 2013  
1311018 IE


**Efni:** Athugasemdir við þingsályktunartillögu um atvinnulýðræði, 121. mál.

Með tölvubréfi dags. 7. nóvember 2013 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 121. mál, þskj. 124, lþ. 143.

Jafnréttisstofa telur rétt að minna á nokkur atriði tengd jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla, verði þingsályktunartillagan samþykkt.

Mikilvægt er að haga kosningu í nefndina þannig að tryggt verði að í hana verði kosnar bæði konur og karlar. Jafnframt er mjög mikilvægt, vegna ólíkrar stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vegna kynbundins náms- og starfsvals hér á landi, að tryggja aðkomu bæði kvenna og karla að því hvernig atvinnulýðræði yrði komið á inni á vinnustöðunum. Líklegt er að skapast myndi tækifæri til að ræða enn frekar en nú er gert um nauðsyn þess að brjóta upp kynbundið náms- og starfsval til þess að koma á raunverulegu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og tryggja að konum og körlum verði greidd sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Öll umræða og ákvarðanir í tengslum við atvinnulýðræði ættu að vera með þeim hætti að sjónarhorn kynjajafnréttis væri alltaf með, enda á skv. jafnréttislögum nr. 10/2008 að „gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins“, sbr. a. lið 1. mgr. 1. gr. laganna.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir  
lögfræðingur